

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 110/2020

frá 14. júlí 2020

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/130 frá 16. janúar 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/983 frá 5. júní 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað ⁽²⁾.
- 3) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 14a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32019 L 0130**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/130 frá 16. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 112),
- **32019 L 0983**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/983 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 164, 20.6.2019, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana (ESB) 2019/130 og (ESB) 2019/983, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 112.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 20.6.2019, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.